

Sp.

443. Skýrsla fjármálaráðherra um afkomu ríkissjóðs 1976

skv. bráðabirgðatölum ríkisbókhalds.

Með skýrslu þessari er Alþingi nú í fyrsta sinn gerð grein fyrir bráðabirgðatölum um afkomu ríkissjóðs á liðnu ári.

Sú hefð hefur ríkt um árábil, að aðalgreinargerð fjármálaráðherra til Alþingis um fjárhagslega afkomu liðins árs hefur verið flutt í fjárlagaræðu í upphafi þings hvert haust. Hefð þessi mótaðist á sínum tíma af því, að uppgjöri ríkisreiknings var ekki lokið fyrr en langt var liðið á árið, þannig að í þingbyrjun gafst fyrst tækifæri til slíkrar greinargerðar. Skipulag ríkisbókhalds og starfsaðferðir voru einnig þannig, að erfitt var um vik að gera nothæft bráðabirgðayfirlit um afkomu ríkissjóðs þegar að reikningsári loknu.

Síðustu árin hafa miklar umbætur verið gerðar í ríkisbókhaldi, ekki síst með aukinni tölvunotkun, sem gerir ríkisbókhaldi kleift að skila góðu bráðabirgðayfirliti um ríkisfjármálin og á s. l. ári var slíkt yfirlit í fyrsta skipti gert fáum dögum eftir áramót. Á grundvelli bráðabirgðayfirlits ríkisbókhalds um afkomu ársins 1976 var gefin út fréttatilkynning í janúar s. l., og er hún birt sem fylgiskjal með þessari skýrslu. Þá er ríkisbókhald í stakk búið til að ljúka uppgjöri ríkisreiknings, a. m. k. A-hluta hans, í mars/apríl, þannig að unnt er að leggja hann fyrir Alþingi áður en þinghaldi lýkur að vori.

Með hliðsjón af þessum breyttu aðstæðum þykir rétt að breyta hefðbundinni skýrslugerð um þetta efni til þingsins. Gert er ráð fyrir, að bráðabirgðaskýrsla af því tagi, sem hér fer á eftir, verði eftirleiðis lögð fyrir Alþingi þegar það kemur saman að loknu jólaleyfi og ríkisreikningur allur eða eftir atvikum A-hluti hans ásamt samanburði við fjárlög verði lagður fyrir Alþingi áður en þinghaldi lýkur að vori. Sé gert ráð fyrir, að yfirskoðunarmenn ríkisreiknings ljúki störfum ekki síðar en í september, yrði frumvarp til laga um samþykkt ríkisreiknings lagt fram á haustþingi ásamt frumvarpi til fjárlagala.

Á hinn bóginn væri þá ekki þörf fyrir, að sá hluti fjárlagaræðu fjármálaráðherra, sem á undanförunum árum hefur fjallað um afkomu liðins árs, verði jafn ítarlegur og verið hefur.

Afkoma ríkissjóðs 1976.

Í skýrslu þeirri, sem hér fer á eftir, eru dregin saman nokkur meginatriði um afkomu ríkissjóðs árið 1976. Allar tölur miðast við greiðslugrunn og munu af þeim sökum, auk þess sem þær eru bráðabirgðatölur, víkja nokkuð frá endanlegum reikningstöllum ríkisreiknings 1976, sem lagður verður fram á Alþingi fyrir þinglausnir.

Helstu orsakir fráviks frá tölum fjárlaga eru einkum fólgnar í því, að veigamiklar forsendur, er lágu til grundvallar fjárlagaáætlunar, reyndust aðrar en þar var ætlað, en auk þess komu til sérstök viðfangsefni á sviði landhelgisgæslu og fiskverndar, sem kröfðust aukinna útgjalda úr ríkissjóði og jafnframt aukinnar tekjuöflunar. Þá voru greiðsluáætlanir ríkissjóðs endurskoðaðar í byrjun árs 1976. M. a. af þessum orsökum var lagt fram sérstakt efnahagsmálafrumvarp í maímánuði 1976 um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga, og einnig voru gerðar sérstakar ráðstafanir til aukningar tekna til vegamála.

Innheimtar tekjur og greidd gjöld ríkissjóðs í heild urðu:

Tölur í milljörðum kr.	Bráðab.t. 31/12'76	Áætlun 1/9'76	Fjárlög 1976
Tekjur	68,3	68,9	60,3
Gjöld	68,4	68,0	58,8
Jöfnuður	÷0,1	0,9	1,5

Tekjuáætlun fjárlaga ársins 1976 var tvivegis endurskoðuð á liðnu ári. Fyrst í tengslum við efnahagsráðstafanir í maí 1976 og svo í september og var síðar-nefnda áætlunin lögð til grundvallar tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 1977. Samkvæmt fjárlögum 1976 voru heildartekjur áætlaðar 60,3 milljarðar króna, en samkvæmt bráðabirgðatölum ríkisbókhalds nam heildarinnheimta tekna ríkissjóðs 68,3 milljörð-um króna á árinu 1976 eða um 8,0 milljörðum hærri fjárhæð. Hins vegar urðu inn-heimtar tekjur 600 milljónum króna lægri en áætlað var í septembermánuði. Reyndist innheimta síðustu mánuði ársins minni en vonir stóðu til, bæði vegna minni veltu, sem m. a. kom fram í söluskatti, rekstrarhagnaði ÁTVR og sérstöku vörugjaldi, og minni innheimtu, m. a. á tekjuskatti og bensíngjaldi.

Útgjaldaáætlunir fjárlaga ársins 1976 voru teknar til endurskoðunar strax í upphafi árs 1976, þegar áætlunir um greiðslubarfir ríkisstofnana innan fjárlaga-ársins voru gerðar, svo og í tengslum við sérstakar ráðstafanir vegna landhelgis-gæslu, fiskverndar o. fl. Heildarútgjöld fjárlaga 1976 voru 58,8 milljarðar króna, en greidd gjöld samkvæmt bráðabirgðauppgjöri ríkisbókhalds námu 68,4 milljörð-um króna sem er 9,6 milljörðum króna hærri fjárhæð. Hins vegar urðu greidd gjöld 400 milljónum króna hærri en ætlað var í september 1976. Sem næst fjóra fimmtu hluta umframtútgjalda má rekja til hækkana launa, bóta almannatrygg-inga, útgjalda vegna landhelgisgæslu og fiskverndar, vegamála, vaxtagreiðslna, lánasjóðs íslenskra námsmanna, útflutningsbóta og niðurgreiðslna.

Lánahreyfingar utan Seðlabankans sýndu innstreymi fjár er nam 1,2 milljörð-um króna, þannig að mismunur innheimtra tekna og greiddra gjalda, ásamt lána-hreyfingum utan Seðlabankans varð jákvæður um 1,1 milljarð króna. Á árinu 1975 var mismunur innheimtra tekna og greiddra gjalda ásamt jöfnuði lánahreyfinga utan Seðlabankans neikvæður um 6,4 milljarða króna.

Greiðsluhreyfingar ríkissjóðs gagnvart öðrum viðskiptaaðilum en Seðlabank-anum fólu í sér útstreymi úr ríkissjóði vegna lækkunar á lausaskuldum og breyt-ingum útistandandi krafna, sem nam 1,6 milljörðum króna. Hins vegar varð skulda- aukning hjá Seðlabankanum að fjárhæð 800 milljónir króna. Ennfremur nam skuldaaukning vegna gengisbreytinga lána í Seðlabankanum í erlendri mynt 700 milljónum króna, þannig að skuldaaukning ríkissjóðs við Seðlabankann varð um 1,5 milljarða króna. Hliðstæðar fjárhæðir frá árinu 1975 sýndu skuldaaukningu við bankann 5,8 milljarða króna, þar af vegna gengisbreytinga 270 milljónir króna og vegna gengisábyrgðar ríkissjóðs á Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins 850 milljónir króna.

Samkvæmt fjárlögum námu heildargjöld fjárlaga 58,8 milljörðum króna, heildartekjur 60,3 milljörðum króna og neikvæður jöfnuður lánahreyfinga 1,1 milljarði króna, þannig að greiðsluafgangur var 0,4 milljarðar króna. Séu afborg-anir lána til Seðlabankans frátaldar eykst greiðsluafgangur í 2,4 milljarða króna á fjárlögum. Samkvæmt bráðabirgðatölum urðu heildarútgjöld 68,4 milljarðar króna, heildartekjur 68,3 milljarðar króna og jöfnuður lánahreyfinga utan Seðla-

banka jákvæður um 1,2 milljarða króna, eða jákvæð heildarafkoma að fjárhæð 1,1 milljarður króna. Sé hins vegar miðað við allar inn- og útgreiðslur ríkissjóðs, þ. á m. ústreymi vegna lækkunar lausaskulda, kemur fram halli að fjárhæð 0,6 milljarðar króna. Þá er gert ráð fyrir að rekstrarjöfnuður ríkissjóðs 1976 verði hagstæður, þegar tekið hefur verið tillit til óinnheimtra tekna og ógreiddra gjalda, en árið 1975 var hann neikvæður um 7,5 milljarða króna. Þótt fjárhagur ríkissjóðs hafi þannig ekki alls kostar orðið eins og til var ætlast, hefur hann verulega styrkst, borið saman við árin 1974 og 1975.

Tekjur.

Áætlun fjárlaga ársins 1976 um innheimtu tekna ríkissjóðs var miðuð við verðlag og kauplag í desember 1975. Heildarniðurstaða þessarar áætlunar var 60,3 milljarðar króna sbr. 1. töflu hér á eftir. Er horfur í efnahagsmálum voru endurskoðaðar að loknum kjarasamningum í febr. 1976, höfðu kauplags- og verðlagshorfur breyst verulega, þannig að reikna yrði með meiri verð- og launahækkunum. Aftur á móti var útlit fyrir nokkurn samdrátt þjóðarútgjalda á árinu, en fjárlög höfðu miðast við að þjóðarútgjöld héldust óbreytt frá 1975 til 1976. Þessar breytingar höfðu einkum áhrif á þá tekjustofna, sem eru háðir veltubreytingum. Þegar þessar horfur voru metnar í mars 1976 virtist innflutningsverð í krónum mundu hækka meira en reiknað var með í fjárlögum, en á móti kæmi að nokkru, að horfur virtust á meiri samdrætti í innflutningi en þar var talið. Verð á áfengi og tóbaki hafði loks verið hækkað í mars. Niðurstaða mats á þessum horfum var sú, að búast mætti við að tekjur ríkissjóðs yrðu u. þ. b. 4 milljörðum króna hærri en á fjárlögum, og stafaði hálf hækkunin af aukningu söluskattstekna.

Með lögum um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga, nr. 20 5. maí 1976, samþykkti Alþingi hækkun vörugjalds, breytingu á skattafsláttarreglum tekjuskatts o. fl. Voru þessar breytingar samtals taldar auka tekjur ríkissjóðs um 2,2 milljarða króna 1976. Um sama leyti var ákveðin hækkun bensingjalds og samsvarandi hækkun þungaskatts, svo og hækkun leyfisgjalds af jeppum þannig að samræmi náðist í skattlagningu jeppa og fólksbíla.

Tekjuáætlun fjárlaga var endurskoðuð í heild að þessum ráðstöfunum gerðum. Niðurstaða þessarar endurskoðunar var áætlun um 66,9 milljarða króna heildartekjur. Auk þeirra breytinga, sem að framan er getið, var jafnframt tekið fullt tillit til áhrifa nýrra áætlana um verðlag og kauplag á ýmsa minni háttar tekjustofna.

Við gerð fjárlagafrumvarps 1977 var tekjuáætlunin fyrir árið 1976 enn endurskoðuð í september og var niðurstaðan sett fram í greinargerð fjárlagafrumvarps. Breytingar, sem þar komu fram frá maíáætlun, voru miðaðar við efnahagsframvinduna á árinu og innheimtureynsla fyrstu átta mánaða ársins, auk þess sem raunveruleg álagning tekju- og eignarskatts lá þá fyrir. Niðurstaða þessarar endurskoðunar var áætlun um heildartekjur ríkissjóðs 68,9 milljarða króna, eða um 2 milljörðum króna hærri fjárhæð en áætlað var í maí. Helstu ástæður þessarar hækkunar voru þær, að álagning tekjuskatts, einkum tekjuskatts félaga, benti til að tekjuskattsinnheimta yrði 750 m.kr. meiri en áður var talið, þá virtust aðflutningsgjöld stefna fram úr fyrri áætlun svo næmi 550 m.kr. einkum vegna þess, að hátolla-innflutningur hafði reynst meiri en búist var við, og loks virtist líklegt að innheimta launaskatts og ýmissa óbeinna skatta yrði drýgri en gert hafði verið ráð fyrir vegna heldur meiri verð- og launahækkana en reiknað var með í maí. Á hinn bóginn var rekstrarhagnaður ÁTVR undir spá.

Samkvæmt bráðabirgðatölum ríkisbókhalds nam heildarinnheimta tekna ríkissjóðs 68,3 milljörðum króna á árinu 1976, en það var tæplega 600 m.kr. minna en

ætlað var í september. Reyndist innheimtan síðustu mánuði ársins nokkru minni en vonir stóðu til, bæði vegna minni verslunarveltu, og minni innheimtu, m. a. á tekjuskatti og bensingjaldi. Útkoma helstu tekjuliða var annars sem hér segir:

Persónuskattar voru sem næst fjárlagatölum og námu alls 2 126 m.kr.

Tekju- og eignaskattur námu alls tæpum 8 700 m.kr., en það var um 800 m.kr. umfram fjárlög. Tekjuskattur einstaklinga var um 300 m.kr. umfram fjárlög, en tekjuskattur félaga 500 m.kr.

Gjöld af innflutningi námu samtals 15 400 m.kr., en það var 2 230 m.kr. umfram fjárlög. Helstu ástæður þessa voru, að innflutningsverð í krónum hækkaði yfir árið vegna gengissigs, auk þess sem innflutningur hátollavöru reyndist mun meiri en upphaflega var búist við. Hins vegar brást innheimta bensingjalds, þannig að þrátt fyrir að bensingjald væri hækkað tvívegis á árinu reyndist innheimtan engu meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Sérstakt vörugjald innheimtist verr á árinu en búist var við. Hækkun vörugjaldsins úr 10% í 18% samkvæmt lögum nr. 20 5. maí 1976 var talin gefa um 1 600 m.kr. í auknar tekjur og auk þess hefðu almennar veltubreytingar átt að valda hækkun vörugjalds umfram áætlun. Hins vegar nam heildarinnheimtan 3 800 m.kr. eða einungis 1 500 m.kr. meir en fjárlagaáætlun gerði ráð fyrir.

Söluskattur nam samtals 23 600 m.kr. 1976 að frádregnum hlutum Jöfnunar-sjóðs, Viðlagasjóðs og oliugjalds, og var þetta tæplega 2 200 m.kr. umfram fjárlög. Hækkunin frá fjárlögum stafaði öll af veltubreytingum vegna verðhækkunar umfram fjárlagaforsendur. Verslunarvelta varð aftur á móti minni í október og nóvember en búast mátti við og innheimtan síðustu tvo mánuði ársins af þeim sökum ódrýgri en áætlað var.

Launaskattur var í fjárlögum talinn verða um 3 070 m.kr., en varð um 3 540 m.kr., enda hækkuðu laun talsvert umfram fjárlagaforsendur.

Rekstrarhagnaður ÁTVR reyndist nær hinn sami og fjárlög gerðu ráð fyrir, um 6 000 m.kr., þrátt fyrir 15% verðhækkun í mars og mun meiri almenna veltubreytingu en í fjárlögum.

Gjöld.

Gjaldaáætlun á rekstrarreikningi fjárlaga var 58 857 m.kr., en gjöldin reyndust samkvæmt bráðabirgðauppgjöri 68 447 m.kr. sbr. 2. töflu hér á eftir. Er mismunurinn 9 590 m.kr. eða 16,3%. Tæplega helmingur þessara umframútgjalda á rætur að rekja til hækkunar launataxta umfram fjárlagaforsendur og bóta almannatrygginga, sem tengdar eru kaupðöxtum eins og kunnugt er. Þannig reyndust framlög til almannatrygginga 2 540 m.kr. umfram fjárlagaáætlun og samkvæmt áætlun urðu heildarlaun 1 800 m.kr. umfram, eingöngu af völdum taxtahækkana. Þá voru gerðar sérstakar ráðstafanir vegna landhelgisgæslu, fiskverndar og fl. á árinu, er höfðu í för með sér veruleg útgjöld umfram fjárlög, og einnig ráðstafanir til aukinnar fjáröflunar til vegamála. Þá reyndust vaxtagreiðslur ríkissjóðs mun meiri en áætlað var í fjárlögum, og nauðsynlegt reyndist að hækka verulega fjárveitingu til lánasjóðs íslenskra námsmanna. Loks fóru útgjöld til útflutningsuppbóta og niðurgreiðslna nokkuð fram úr fjárlagaáætlun. Samtals orsaka þeir liðir, sem að framan greinir, því nær fjóra fimmtu hluta umframútgjaldanna. Verður hér á eftir vikið nánar að helstu frávikum frá fjárlögum.

Æðsta stjórn ríkisins. Fjárveitingar samkvæmt fjárlögum voru samtals 355 m.kr., en niðurstaða reyndist 522 m.kr. Er mismunurinn 167 m.kr. eða 47%. Áætlaðar launahækkunir samkvæmt meðalhækkun launataxta á árinu eru 41 m.kr., en að öðru

leyti eiga umframútgjöldin að verulegu leyti rætur að rekja til þess, hversu kostnaður við Alþingi fór fram úr fjárlagaáætlun.

Forsætisráðuneytið. Fjárveiting var 1 200 m.kr. og útkoma 1 229 m.kr. eða 2,4% hærri. Meginhluti útgjaldanna er framlag til Byggðasjóðs, en að því frátöldu var fjárlagatala 77 m.kr. og reyndist 106 m.kr. Er mismunurinn þannig reiknaður 29 m.kr. eða 37,7%. Launahækkunarir eru áætlaðar 11 m.kr., framlag Íslands til hins almenna hluta norrænu fjárlaganna, sem ekki var áætlað í fjárlögum, 7 m.kr. og aðrir umframliðir samtals 11 m.kr.

Menntamálaráðuneytið. Fjárlagatala var 9 283 m.kr. og niðurstaða 11 075 m.kr., sem er 1 792 m.kr. eða 19% hærri. Eðlilegar launahækkunarir eru áætlaðar 780 m.kr., og sérstök aukafjárveiting til lánasjóðs íslenskra námsmanna var 405 m.kr. Helstu liðir aðrir, er fóru fram úr fjárlagaáætlun, eru bygging grunnskóla 66 m.kr., akstur skólabarna 50 m.kr., byggingarframlag vegna Menntaskólans við Tjörnina 55 m.kr., aðflutningsgjald af sjónvarpstækjum, sem er markaður tekjustofn, 40 m.kr., Þjóðleikhús 25 m.kr. og Sinfóníuhljómsveit 25 m.kr. Samtals fóru ýmsir aðrir liðir 346 m.kr. fram úr fjárlagaáætlun.

Utanríkisráðuneytið. Fjárlagatala var 733 m.kr., en útkoma 890 m.kr., og er mismunurinn 157 m.kr. eða 21%. Meta má launahækkunarir 55 m.kr., umframútgjöld vegna lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli fyrir utan launahækkunarir reyndust 24 m.kr., vegna byggingar og viðgerða sendiráðanna í Bonn og Osló samtals 20 m.kr., og ýmsir aðrir liðir fóru samtals 58 m.kr. fram úr fjárlagaáætlun, m. a. vegna gengis-sigs.

Landbúnaðarráðuneytið. Fjárveitingar skv. fjárlögum voru samtals 2 868 m.kr., en niðurstöðutala 3 347 m.kr., sem er 479 m.kr. eða 17% herra. Mest munar hér um útflutningsuppbætur, er fóru 287 m.kr. fram úr fjárlagaáætlun, og jarðræktarframlög, er reyndust 165 m.kr. umfram. Launahækkunarir eru metnar 57 m.kr. en greiðsla framlags til Stofnlánadeildar landbúnaðarins varð 30 m.kr. undir áætlun.

Sjávarútvegssráðuneytið. Fjárlagatala var 1 367 m.kr. og útkoma 2 005 m.kr. Er mismunurinn 638 m.kr. eða 47%. Í samræmi við framangreind lög um fiskvernd o. fl. varð kostnaður vegna fiskverndar og friðunaraðgerða 230 m.kr., greiðsla í verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, sem ekki var áætluð á fjárlögum, 152 m.kr. og vegna rekstrarhalla skuttogara af stærri gerð 102 m.kr. Launahækkunarir eru metnar 63 m.kr., uppbætur á línufisk umfram fjárlög reyndust 35 m.kr., og ýmsir aðrir fjárlagaliðir fóru samtals 56 m.kr. fram úr fjárlagaáætlun.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Fjárveitingar samkvæmt fjárlögum voru 3 131 m.kr., en útkoman reyndist 4 560 m.kr., sem er 1 429 m.kr. eða 46% herra. Launahækkunarir skv. töxtum eru metnar 305 m.kr., útgjöld vegna landhelgisgæslu umfram eðlilegar launahækkunarir urðu 452 m.kr. umfram fjárlagaáætlun, og gjöld vegna annarrar löggæslu umfram launahækkunarir reyndust í heild 647 m.kr. hærri en í fjárlagaáætlun, en eins og fram kom í athugasemdum með fjárlagafrumvarpi ársins 1977 hefur á undanförunum árum verið allverulegt misræmi milli fjárveitinga og þess sem raunverulega er eytt í þessum málefnaflökki. Á öðrum liðum nema umframgreiðslur samtals 25 m.kr. nettó.

Félagsmálaráðuneytið. Fjárlagatalan var 2 636 m.kr., en útkoma 2 783 m.kr. Er mismunurinn 147 m.kr. eða 6%. Framlög til Byggingarsjóðs ríkisins (markaðir tekjustofnar) reyndust 98 m.kr. umfram fjárlög, til Erfðafjárjóðs 20 m.kr., til Byggingarsjóðs verkamanna 14 m.kr., launahækkunarir 5 m.kr., og ýmsir aðrir liðir fóru samtals 10 m.kr. fram úr fjárlagaáætlun.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Fjárveitingar til málefnaflokkanna þessa ráðuneytis voru 19 544 m.kr., en útkoman reyndist 22 199 m.kr., sem er 2 655 m.kr. eða 14% hærra. Meginhluti þessara umframgjalda, eða 2 540 m.kr., á rætur að rekja til hækkunar á bótum almannatrygginga og á daggjöldum sjúkrahúsa umfram fjárlagaforsendur. Að öðru leyti má rekja umframútgjöld til launahækkana 63 m.kr., til kostnaðar vegna héraðslækna og heilsugæslustöðva 50 m.kr., en aðrir liðir jafnast nokkurn veginn út, eru 2 m.kr. umfram fjárlagaáætlun.

Fjármálaráðuneytið. Fjárlagatala var 2 769 m.kr., en útkoman 2 837 m.kr., sem er 68 m.kr. eða 2% hærra. Við þennan samanburð ber þess að gæta, að meðal fjárveitinga á fjárlögum voru 275 m.kr. vegna óheimilaðra staða og verðlagshækkana, sem eiga við ríkisreksturinn í heild. Að þessari fjárhæð frátalinni verða umframgjöld 343 m.kr. eða 14%. Helstu umframliðir eru launahækkarnir 182 m.kr., kostnaður við skýrsluvélavinnslu launagreiðslna, símakostnaður og burðargjöld Stjórnarráðsins 80 m.kr., uppbætur á lífeyri umfram meðallaunahækkun 53 m.kr. og ýmsir aðrir liðir samtals 205 m.kr., en á hinn bóginn reyndust framlög til ríkisábyrgðarsjóðs 177 m.kr. undir fjárlagaáætlun.

Samgönguráðuneytið. Fjárveitingar til málefna á sviði samgönguráðuneytisins voru samtals 6 367 m.kr., en útkoman varð 7 718 m.kr. Eru því umframgjöld 1 351 m.kr. eða 21%. Hér munar langmest um útgjöld vegagerðar, er fóru 882 m.kr. fram úr fjárlagaáætlun, en sérstakar ráðstafanir til aukinnar fjáröflunar voru gerðar til að standa undir þessum kostnaðarauka, m. a. með fyrrnefndum lögum um efnahagsráðstafanir. Launahækkarnir til annarra en starfa við vegagerð eru áætlaðar 48 m.kr., umframgjöld vegna framkvæmda við landshafnirnar í Njarðvík 50 m.kr. og í Þorlákshöfn 47 m.kr., vegna endurgreiðslu landshafnalána 80 m.kr., vegna Skipaútgerðar ríkisins 52 m.kr., og á öðrum liðum reyndust umframgreiðslur samtals 192 m.kr., einkum á sviði hafnarmála.

Iðnaðarráðuneytið. Fjárlagatalan var 1 761 m.kr., en útkoma 1 550 m.kr., sem er 211 m.kr. eða 12% lægri. Áætlaðar launahækkarnir nema 49 m.kr., en á hinn bóginn reyndist innheimta verðjöfnunargjalds raforku 152 m.kr. lægri en fjárlagaáætlun. Nokkrir aðrir liðir reyndust lægri en í fjárlögum, svo sem framlag til þangverksmiðju 30 m.kr., hafnargerðar við Grundartanga 20 m.kr., jarðvarmaveitna ríkisins 14 m.kr. og Ríkisprensmiðjunnar Gutenberg 12 m.kr. Aðrir liðir reyndust samtals 32 m.kr. undir fjárlagaáætlun.

Viðskiptaráðuneytið. Fjárveitingar voru samtals 5 041 m.kr., en útkoma reyndist 5 265 m.kr., sem er 224 m.kr. eða 4% hærra tala. Hér er fyrst og fremst um að ræða niðurgreiðslur, er fóru 212 m.kr. fram úr fjárlagatölu. Áætlaðar launahækkarnir nema 4 m.kr. og aðrar umframgreiðslur 8 m.kr.

Hagstofa Íslands. Fjárveiting var 53 m.kr. og útkoma 59 m.kr., eða 11% hærra. Áætlaðar launahækkarnir nema 4 m.kr. og aðrar umframgreiðslur 2 m.kr.

Ríkisendurskoðun. Fjárveiting var 61 m.kr. og útkoma 63 m.kr., eða 3% hærra. Eðlilegar launahækkarnir eru metnar 8 m.kr., þannig að aðrir gjaldaliðir hafa reynt 6 m.kr. undir áætlun fjárlaga.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Fjárveiting var 1 688 m.kr., en niðurstöðutölur reyndust 2 345 m.kr., sem er 657 m.kr. eða 39% yfir áætlun. Skýringin á eingöngu rætur að rekja til vaxtagreiðslna umfram fjárlagaáætlun vegna yfirdráttarvaxta, ríkissjóðsvíxla og vaxta af verð- og gengistryggðum lánnum. Launahækkarnir eru hér metnar 2 m.kr., og urðu aðrir liðir því 5 m.kr. lægri en í fjárlagaáætlun.

Lánahreyfingar.

Fjárlagatala á lánahreyfingum var neikvæð um 1 113 m.kr. Eru þá talin með lánsfjárviðskipti við Seðlabankann, þ. e. afborganir lána, er námu 2 029 m.kr. Að þeim viðskiptum frátöldum verður lánajöfnuður fjárlaga jákvæður um 916 m.kr. Í fjárlagaáætlun var ekki gert ráð fyrir breytingu á stöðu viðskiptareikninga hjá ríkissjóði. Útkoma á lánahreyfingum reyndist jákvæð um 1 163 m.kr., ef viðskipti við Seðlabankann eru ekki meðtalin. Á hinn bóginn batnaði staða ríkissjóðs gagnvart viðskiptaaðilum um 1 606 m.kr. Þannig var greidd viðskiptaskuld við Tryggingastofnun ríkisins að fjárhæð 574 m.kr., Ollúsjóð fiskiskipa 212 m.kr., og Viðlagasjóð 264 m.kr. Útstreymi fjár vegna lækkunar lausaskulda umfram innkomið lánsfé nam því 443 m.kr., sem er 1 359 m.kr. umfram þá fjárhæð, sem fjárlög gerðu ráð fyrir.

Greiðsluafkoma.

Eins og að framan greinir nam gjaldaáætlun fjárlaga 58 857 m.kr., heildartekjur 60 342 m.kr. og neikvæður jöfnuður lánahreyfinga 1 113 m.kr., þannig að greiðsluafgangur var 372 m.kr. Séu afborganir lána til Seðlabankans frátaldar eykst greiðsluafgangur í 2 401 m.kr. á fjárlögum. Samkvæmt bráðabirgðareikningstölum ársins urðu heildargjöld 68 447 m.kr., heildartekjur 68 310 m.kr. og jöfnuður lánahreyfinga utan Seðlabanka varð jákvæður um 1 163 m.kr. eða samtals jákvæð heildarafkoma að fjárhæð 1 026 m.kr. Líta má á þessa afkomustærð sem mælikvarða á bætta stöðu ríkissjóðs á árinu gagnvart viðskiptaaðilum að meðtöldum Seðlabanka. Kemur sú stöðubreyting þannig fram, að staðan gagnvart ýmsum viðskiptamönnum hefur batnað um 1 606 m.kr., sjóður og bankainnstæður utan Seðlabanka hafa aukist um 257 m.kr., en á hinn bóginn urðu greiðsluhreyfingar við Seðlabankann neikvæðar um 837 m.kr.

Framangreindar tölur skýra fyrst og fremst breytingar á lausafjárstöðu ríkissjóðs til hins betra á árinu. Við mat á peningalegum áhrifum ríkisfjármálanna og áhrifum á efnahagslegt jafnvægi, er hins vegar rétt að líta á aðra skilgreiningu greiðsluafkomu, sem felst í greiðsluhreyfingum við Seðlabankann og breytingu sjóðs og bankareikninga. Er þá miðað við allar inn- og útgreiðslur ríkissjóðs, þ. á m. greiðslubreytingar við ýmsa viðskiptamenn. Slíkur útreikningur sýnir halla að fjárhæð 580 m.kr., þ. e. greiðsluhalla við Seðlabankann 837 m.kr. að frádregnum auknum sjóðs- og bankainnstæðum um 257 m.kr.

Lánsfjáráætlun.

Með lánsfjáráætlun fyrir árið 1976 var fyrsta sinni gerð tilraun til þess að ná heildaryfirsýn yfir lánsfjármarkaðinn og samræma öll opinber afskipti af öflun og ráðstöfun lánsfjár. Lánsfjáráætluninni var ætlað að vera veigamikil tæki til þess að ná betra jafnvægi í efnahagsmálum eftir áföll og hallarekstur undangenginna ára í ríkisbúskap og þjóðarbúskapnum í heild, jafnframt því, að tryggt væri, að fjármagn nýttist sem best og brýnustu framkvæmdir gengju fyrir.

Lánsfjáráætlun sýnir mjög margbrotna mynd af hinum ýmsu hliðum lánsfjármarkaðarins. Heyrir sú umsýsla undir margar stofnanir og aðila. Með lánsfjáráætlun fyrir árið 1977 var í öllum tilvikum reynt að sýna samsvarandi mynd endurskoðaðrar áætlunar fyrir árið 1976. Fellur sú mynd mjög nærri því, sem reyndin hefur orðið, og bar með sér, að þrátt fyrir nokkur frávik, einkum til óhjákvæmilegrar hækkunar, hefur áætluninni verið fylgt í öllum meginráttum, og hefur hún reynt mjög gagnlegt stjórnþæki til að ná settum markmiðum í efnahagsmálum.

Sem stendur er nú unnið að uppgjöri lánsfjáráætlunar 1976 hjá hlutaðeigandi stofnunum og því ekki kostur að gera hér nákvæma grein fyrir niðurstöðum. Á 7. töflu er yfirlit um lánsfjármagnaðar ríkisframkvæmdir 1976, sem eiga samleið um

lánsfjáröflun á vegum ríkisstjórnarinnar. Sýnir hún þá heildarniðurstöðu, að tekin eru lán að fjárhæð 9 313 m.kr. til samanburðar við 7 740 m.kr. skv. áætlun, en af aukningunni eru 1 200 m.kr. vegna aðildar Landsvirkjunar að lántökunni auk sérstakra lána til hennar

Auk þessarar heildstæðu lánsfjáröflunar var gert ráð fyrir erlendum vörukaupalánnum ríkisaðila, að fjárhæð 2 030 m.kr. skv. áætlun, en námu við bráðabirgðaendurskoðun 1 840 m.kr.

Ný útlán fjárfestingarlánasjóða á árinu 1976 námu 14 846 m.kr. Útlánin urðu um 20% hærrí en 1975, eða um 11% hærrí en skv. lánsfjáraætlun, en þar var gert ráð fyrir að útlánin yrðu um 13,4 milljarðar króna. Fjáröflun til sjóðanna var með líku sniði og áður, þó með þeirri breytingu í samræmi við markmið lánsfjáraætlunar, að dregið var úr erlendum lántökum, niður í 20% í stað 28% fjáröflunar árið áður, en að sama skapi jókst hlutfall innlendrar lánsfjáröflunar, einkum frá lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði og bankakerfi.

Eitt meginmarkmið lánsfjáraætlunar var að hamla á móti auknum erlendum lántökum. Settu marki var í aðalatriðinu náð, eins og eftirfarandi tölur sýna.

	Lánsfjáraætlun 1976	Bráðabirgðatölur 1976
Löng, erlend lán:		
Lántökur	18 100	19 064
Afborganir	8 580	8 400
Nettóaukning	9 520	10 664

Töfluviðauki

- Tafla 1 Tekjur ríkissjóðs A-hluti 1976
- Tafla 2 Gjöld ríkissjóðs A-hluti 1976
- Tafla 3 Afkoma ríkissjóðs árin 1968—1976 skv. A-hluta ríkisreiknings
- Tafla 4 Jöfnuður tekna og gjalda ríkissjóðs árin 1968—1976 skv. A-hluta ríkisreiknings og fjárlaga. Greiðslugrunnur.
- Tafla 5 Ríkisútgjöld sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu 1968—1976
- Tafla 6 Skatttekjur hins opinbera sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu 1968—1976
- Tafla 7 Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir 1976

Fylgiskjal: Fréttatilkynning fjármálaráðuneytis frá 11. janúar sl. um bráðabirgðaafkomu ríkissjóðs 1976

Tafla 1.

**Tekjur ríkissjóðs A-hluti 1976.
Í milljónum króna.**

	Reikn. 31/12'76	Fjárlög 1976	Frávik frá fjárl. m.kr.	%
1. Persónuskattar	2 126	2 079	47	2
2. Tekju- og eignarskattar	8 691	7 889	802	10
3. Gjöld af innflutningi	15 421	13 192	2 229	17
a) Almenn aðflutningsgjöld	11 777	10 507	1 270	12
b) Bensín- og gúmmigjald	1 773	1 767	6	0
c) Innflutningagjald af bílum	1 174	770	404	52
d) Annað	697	148	549	371
4. Skattar af framleiðslu	4 145	2 629	1 516	58
a) Sérstakt vörugjald	3 799	2 330	1 469	63
b) Annað	346	299	47	16
5. Skattar af seldum vörum og þjónustu	33 615	30 978	2 637	8
a) Söluskattur	23 605	21 430	2 175	10
b) Launaskattur	3 541	3 072	469	15
c) ÁTVR	6 038	6 000	38	1
d) Annað	431	476	÷45	÷9
6. Aðrir óbeinir skattar	3 428	2 861	567	20
7. Arðgreiðslur úr B-hluta	245	198	47	24
8. Ýmsar tekjur	639	516	123	24
Samtals	68 310	60 342	7 968	13

Tafla 2.

**Gjöld ríkissjóðs A-hluti 1976.
Í milljónum króna.**

	Reikn- ingur 31/12'76	Fjárlög ársins 1976	Frávik frá fjárl. m.kr.	%
Ráðuneyti:				
Æðsta stjórn ríkisins	522	355	167	47
Forsætisráðuneytið	1 229	1 200	29	2
Menntamálaráðuneytið	11 075	9 283	1 792	19
Utanríkisráðuneytið	890	733	157	21
Landbúnaðarráðuneytið	3 347	2 868	479	17
Sjávarútvegsráðuneytið	2 005	1 367	638	47
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	4 560	3 131	1 429	46
Félagsmálaráðuneytið	2 783	2 636	147	6
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	22 199	19 544	2 655	14
Fjármálaráðuneytið	2 837	2 769	68	2
Samgönguráðuneytið	7 718	6 367	1 351	21
Iðnaðarráðuneytið	1 550	1 761	÷211	÷12
Viðskiptaráðuneytið	5 265	5 041	224	4
Hagstofa Íslands	59	53	6	11
Ríkisendurskoðun	63	61	2	3
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	2 345	1 688	657	39
Samtals gjöld, A-hluta	68 447	58 857	9 590	16

Tafla 3.

**Afkoma ríkissjóðs árin 1968—1976 skv. A-hluta ríkisreiknings.
Í milljörðum króna.**

	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976*
I. Greiðsluafkoma:									
Jöfnuður gjalda, tekna og lána, án lána við Seðlabanka									
Gjöld	÷6,9	÷7,6	÷9,2	÷13,2	÷18,2	÷24,8	÷40,3	÷57,4	÷68,4
Tekjur	6,5	7,4	9,5	13,0	17,8	24,0	35,8	49,3	68,3
Samtals	÷0,4	÷0,2	+0,3	÷0,2	÷0,4	÷0,8	÷4,5	÷8,1	÷0,1
Lánahreyfingar utan Seðlabanka	+0,1	0,0	+0,1	+0,2	+0,6	+0,7	+0,8	+1,7	+1,2
Samtals	÷0,3	÷0,2	+0,4	0,0	+0,2	÷0,1	÷3,7	÷6,4	+1,1
Jöfnuður greiðslufjárreikninga að meðtöldum lánareikningum við Seðlabanka									
Greiðsluhreyfing við Seðlabanka	÷0,3	÷0,3	+0,5	÷0,2	+0,1	÷0,4	÷3,5	÷5,4	÷0,8
Ýmsir viðskiptamenn	0,0	+0,1	÷0,2	+0,1	0,0	+0,2	÷0,3	÷1,1	+1,6
Sjóður og bankareikningar utan Seðlabanka	0,0	0,0	+0,1	+0,1	+0,1	+0,1	+0,1	+0,1	+0,3
Samtals	÷0,3	÷0,2	+0,4	0,0	+0,2	÷0,1	÷3,7	÷6,4	+1,1
II. Rekstrarafkoma:									
Rekstrarjöfnuður tekna og gjalda	÷0,2	÷0,1	+0,4	÷0,3	+0,1	÷0,3	÷3,3	÷7,5	

*Bráðabirgðatölur

Tafla 4.

**Jöfnuður tekna og gjalda árin 1968—1976 skv. A-hluta
ríkisreiknings og fjárlaga.
Greiðslugrunnur, milljarðar króna.**

	TEKJUR				GJÖLD				TEKJUAFGANGUR		
	Fjárlög m.kr.	Reikn. m.kr.	Reikn. umfr. m.kr.	umfr. %	Fjárlög m.kr.	Reikn. m.kr.	Reikn. umfr. m.kr.	umfr. %	Fjárlög m.kr.	Reikn. m.kr.	umfr. m.kr.
1968 ...	6,2	6,5	0,3	4,8	6,1	6,9	0,8	13,1	+0,1	÷0,4	÷0,5
1969 ...	7,1	7,4	0,3	4,2	7,0	7,6	0,6	8,6	+0,1	÷0,2	÷0,3
1970 ...	8,4	9,5	1,1	13,1	8,2	9,2	1,0	12,2	+0,2	+0,3	+0,1
1971 ...	11,5	13,0	1,5	13,0	11,0	13,2	2,2	20,0	+0,5	÷0,2	÷0,7
1972 ...	16,9	17,8	0,9	5,3	16,5	18,2	1,7	10,3	+0,4	÷0,4	÷0,8
1973 ...	22,0	24,0	2,0	9,1	21,5	24,8	3,3	15,3	+0,5	÷0,8	÷1,3
1974 ...	29,2	35,8	6,6	22,6	29,4	40,3	10,9	37,1	÷0,2	÷4,5	÷4,3
1975 ...	47,6	49,3	1,7	3,6	47,2	57,4	10,2	21,6	+0,4	÷8,1	÷8,5
*1976 ...	60,3	68,3	8,0	13,3	58,9	68,4	9,5	16,1	+1,4	÷0,1	÷1,5

*Bráðabirgðatölur

Tafla 5.

**Ríkisútgjöld sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu 1968—1976.
Útgjöld samkvæmt A-hluta ríkisreiknings¹⁾.**

	Heildar- útgjöld %	Þar af framlög til almanna- og niðurgr. %	Útgjöld að frátöldum framlögum til almanna- og niðurgr. %
1968	25,1	7,6	17,5
1969	22,2	7,0	15,2
1970	21,7	7,2	14,5
1971	24,9	9,3	15,6
1972	27,2	11,0	16,2
1973	26,7	10,0	15,6
1974	29,6	11,3	18,3
1975	31,4	12,1	19,3
1976, bráðab.	27,3	10,7 ²⁾	16,6

- 1) Tölur fyrir árin 1968—1975 eiga við útgjöld samkvæmt rekstrarreikningi, en 1976 er um að ræða greidd útgjöld en búast má við að gjöld samkvæmt rekstrarreikningi verði nokkru hærri.
2) Hlutfallsleg lækun framlaga til almannaþrygginga og niðurgreiðslna á árinu 1976 var að mestu leyti vegna þess að dregið var úr niðurgreiðslum auk þess sem fjölskyldubætur hurfu þá endanlega úr reikningum tryggingakerfisins

Tafla 6.

Skatttekjur hins opinbera sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu 1968—1976¹⁾.

	Skatttekjur til ríkisins %	Skatttekjur sveitarfélaga %	Samtals %	Viðlagasj. gj., olíugjald, sjúkratrygginga- gjald %	Samtals %
1968	24,1	7,7	31,8	.	31,8
1969	22,0	6,9	28,9	.	28,9
1970	22,6	6,7	29,3	.	29,3
1971	24,3	6,9	31,2	.	31,2
1972	26,1	6,3	32,4	.	32,4
1973	25,5	5,7	31,2	1,7	32,9
1974	25,8	5,8	31,6	1,4	33,0
1975	26,4	6,8	33,2	1,6	34,8
1976, bráðab.	27,3	6,9	34,2	1,0	35,2

- 1) Skatttekjur eru innheimtir skattar. Innheimta sveitarfélaga er áætluð síðustu árin. Iðgjöld til almannaþrygginga (önnur en sjúkratryggingagjald 1976) eru talin með skatttekjum ríkisins.

Tafla 7.

Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir 1976.
Í milljónum króna.

	Áætlanir	Útkoma
Lánahreyfingar inn:		
Innlend fjáröflun	3 097	3 010
Erlend lán v/hafnargerðar í Þorlákshöfn	225	242
Bein lántaka til Kröflu	–	118
Önnur erlend fjáröflun	4 291	5 988
Bráðabirgðalán hjá Seðlabanka og hækkun skuldar á hlaupa- reikningi	–	769
Lán v/hlutafjárframlags til Járnblendiverksmiðju	975	–
Samtals lánahreyfingar inn	8 588	10 127
÷ fjárvöntun frá fyrra ári	848	814
	<hr/>	<hr/>
	7 740	9 313
Lánahreyfingar út:		
A-hluti		
Vegagerð	1 050	1 050
Hafnargerð	310	320
Þangverksmiðja	80	80
Hafnargerð á Grundartanga	50	–
Vegagerð á Grundartanga	–	6
Orkustofnun	34	34
÷ óútborgað í árslok	–	16
A-hluti, alls	<hr/>	<hr/>
	1 524	1 474
B-hluti		
Rarik, ýmsar framkvæmdir	1 608	1 608
Rarik, vegagerð v/Bessastaðaá	–	25
Sveitarafvæðing	150	150
Norðurlína	578	852
Kröfluvirkjun	2 865	3 535
Jarðboranir ríkisins	40	40
Járnblendiverksmiðjan	975	476
÷ óútborgað í árslok	–	47
B-hluti, alls	<hr/>	<hr/>
	6 216	6 639
Landsvirkjun	–	1 200
Samtals lánahreyfingar út	<hr/>	<hr/>
	7 740	9 313

Fylgiskjal.

**FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
ARNARHVOLI, REYKJAVÍK**

FRÉTTATILKYNNING

Bráðabirgðatölur liggja nú fyrir um greiðsluafkomu A-hluta ríkissjóðs á árinu 1976. Innheimtar tekjur ríkissjóðs munu nema 68,3 milljörðum króna en greidd gjöld 68,4 milljörðum króna eða 100 milljónum króna umfram innheimtar tekjur. Jöfnuður lánaþreyinga utan Seðlabanka sýndi 1,2 milljarða króna innstreymi fjár, og samkvæmt því varð greiðsluafkoma ríkissjóðs jákvæð um 1,1 milljarð króna á árinu 1976.

Innheimtar tekjur á árinu voru við framlengingu fjárlagafrumvarps 1977 áætlaðar 68,9 milljarðar króna en reyndust hins vegar um 600 milljónum króna lægri. Greiðsluáætlanir gjalda gerðu ráð fyrir 68,0 milljarða króna útstreymi og eru því greidd gjöld um 400 milljónir króna umfram þær áætlanir.

Á árinu 1975 var mismunur greiddra gjalda og innheimtra tekna, ásamt jöfnuði lánaþreyinga utan Seðlabanka neikvæður um 6,4 milljarða króna í samanburði við jákvæða hreyfingu nú um 1,1 milljarð króna.

Greiðsluhreyfingar við Seðlabanka sýna skuldaaukningu að fjárhæð 800 milljónir króna. Ennfremur nam skuldaaukning vegna gengisbreytinga lána í Seðlabanka í erlendri mynt 700 milljónum króna, þannig að skuldaaukning ríkissjóðs við Seðlabankann varð um 1,5 milljarðar króna á árinu 1976. Hliðstæðar fjárhæðir frá árinu 1975 sýndu skuldaaukningu við bankann, 5,8 milljarða króna, þar af vegna gengisbreytinga 270 milljónir króna og vegna gengisábyrgðar ríkissjóðs á Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins 850 milljónir króna.

Greiðsluhreyfingar ríkissjóðs gagnvart öðrum viðskiptaaðilum fólu í sér útstreymi úr ríkissjóði vegna lækkunar á lausaskuldum og breytinga útistandandi krafna sem nam 1,6 milljörðum króna. Hér er fyrst og fremst um að ræða greiðslur til Viðlagasjóðs og Olíusjóðs fiskiskipa samtals að fjárhæð 500 milljónir króna. Þá voru greiddar til Tryggingastofnunar ríkisins vegna sjúkratrygginga tæpar 600 milljónir króna, vegna skuldar frá fyrri árum.

Fjárhagur ríkissjóðs hefur því styrkst á síðastliðnu ári borið saman við árin 1974 og 1975. Að visu tókst ekki eins og áætlað var að grynna á skuldum ríkissjóðs hjá Seðlabankanum á s.l. ári og nam heildarskuld ríkissjóðs í árslok 1976 11,5 milljörðum króna. Hins vegar lækkuðu lausaskuldir ríkissjóðs við aðra, eins og fram er komið, um 1,6 milljarða króna, sem er 100 milljónum króna hærrí fjárhæð en nemur skuldaaukningu hjá Seðlabankanum.

Þótt endanlegar niðurstöðutölur A-hluta ríkisreikninga fyrir árið 1976 séu ekki fram komnar má reikna með hagstæðum rekstrarjöfnuði hjá ríkissjóði á árinu 1976. Á árinu 1975 var rekstrarhalli hjá ríkissjóði að fjárhæð 7,5 milljarðar króna.

Fjármálaráðuneytið, 11. janúar 1977.